

Ágæti afrekskyllfingur/aðstandandi

Unglinganefnd Golfklúbbs Reykjavíkur hefur í vetur safnað tilboðum í æfingaferð fyrir næsta vor. Hugmyndin er að fyrirkomulag ferðarinnar verði með sambærilegu sniði og síðastliðið vor en í þeirri ferð voru aðstandendur unglinganna um þriðjungur ferðalanga á okkar vegum. Ferðin lukkaðist vægast sagt frábærlega.

Ferðin og fjáröflun hennar verður með sambærilegum hætti og í fyrra og hefur vaskur hópur foreldra tekið að sér að leiða fjáröflunarstarfið, sem reiknað er með að hefjist af krafti á nýju ári. Vonandi tekst unglingunum að safna nægjanlegu fé til að sem flestir sjái sér fært að koma með.

Stærri hópi en undanfarin ár stendur til boða að fara í ferðina. Undanfarin ár hefur afrekshópum unglinga eldri en 14 ára staðið til boða að fara en nú gefst þeim einnig kostur á að fara sem að mati þjálfara standa næstir því að banka á dyrnar í afrekshópum. Unglingum 13 ára og yngri býðst einnig að koma með í ferðina með því skilyrði að þeir séu í fylgd og á ábyrgð fullorðins forráðamanns.

Nánari upplýsingar um ferðina:

Æfingaferð verður farin 5. – 12. apríl 2010 til Costa Ballena á Spáni með Heimsferðum.

Verð fyrir tvíbýli	kr. 148.500
Verð fyrir þríbýli	kr. 142.900
Aðstandendur ekki í golfi í tvíbýli	kr. 115.000
Aukaverð fyrir einbýli	kr. 25.000

Fyrir fullt fæði (hlaðborð í hádeginu*7) samtals 10.500 kr aukalega.

Mælt er með að krakkarnir taki án undantekinga hlaðborð í hádeginu. Það var gert í vor og reyndist ákaflega vel. Krakkarnir átu nægju sína í hádeginu og spöruðu töluverða auru.

Innifalið: Flug með Icelandair, flugvallarskattar, flutningur golfsetta, rúta til og frá flugvelli, ótakmarkað golf þann 6. – 12. Apríl (ath 7 golf dagar þar sem flogið er heim kl. 20.00 þann 12 apríl og þið fáið að halda herbergjum til kl. 15:00). Hótelgisting á ****Barcelo Costa Ballena með hálfu fæði (morgunmatur og kvöldmatur). Æfingaboltar og kerrur eru einnig innifaldar.

Þetta verð miðast við að spila glaðir foreldrar gætu þurft að kæla sig niður fram til kl. 11.00 einhvern eða einhverja morgna. Það er hins vegar bjart til 20:15 þannig að allir geta spilað 27 – 36 holur á hverjum degi. Ef rástímar eru seint einhverja morgna er hægt að spila frábæran PAR 3, 9 holu völl, spila holur 19-27, æfa á einu besta æfingasvæði Spánar eða einfaldlega sofa út.

Við þurfum að fá staðfestingar á hverjir hyggjast fara í ferðina nú fyrir jólin. Skráningin verður þó ekki skuldbindandi fyrr en staðfestingargjald að fjárhæð **kr. 30.000** hefur verið greitt en reiknað er með að það verði að greiðast í kringum áramótin. Ekki verður hægt að halda sætum mikið lengur því þar eftir fara flugsætin í almenna sölu. Fundur er fyrirhugaður um ferðina áður en kemur að greiðslu staðfestingargjalds og verður hann auglýstur á unglingasíðunni okkar <http://www.grunglingar.blog.is/>

Bestu kveðjur, Unglinganefnd GR